

KJARVAL

40% afsláttur

419 KR. HG.

Móa kjúklingaleggir

398 KR. HG.

Grillborgarar
4 stk. með brauði

349 KR. HG.

Kea bjúga

269 KR. PH.

Goða skólaskinka

219 KR. PH.

Goða létt skinka

298 KR. PH.

Truly vöflur

398 KR. PH.

Chicago Town pizzur
2 tegundir

119 KR. STR.

Sprite og Sprite zero

15% afsláttur

Lavazza kaffi
Qualita ORO og ROSSA

299 KR. STR.

Myllu Pistasiulengja

269 KR. HG.

Cheerios 397 g. morgunkorn

199 KR. STR.

Pesto rautt pepperoni og basil

129 KR. HG.

Melónur gular

179 KR. HG.

Melónur vatns rauðar

10% afsláttur

Mozzarella 3 tegundir

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SIMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Ágætu viðskiptavinir!

Ég er farin í vetrarfrí í sólina.
Verð mætt til vinnu aftur 6. mars

Bless á meðan.
Jóna Sigurbjartsdóttir,
hárgreiðslum. Klaustri

Félagsvist

Jæja þá er komið að fjórða og síðasta
spilakvöldinu hjá okkur.

Verður það á Halldórskafti
fimmtudaginn 21. febrúar
kl. 20:00.

Kvenfélag Hvammshrepps

VÍSUR VIKUNNAR


Lögg á pela lítil var
lá á töskubotni.
Synd það væri að sýn'ana
svona nálægt drottini.

Annað væri ef að hann
ætti land að flösku.
Á svipstundu þá seilst 'ann
sjálfur on' í tösku.

Höf: Bergdís Jóhannsdóttir

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.

Ég verð á Klaustri dagana
23. og 24. febrúar
(laugardag og sunnudag)



Áhugasamir pantið tíma í síma
587-2999 eða **866-0474.**


Sigrún Inga

Sveitarstjórn

Mýrdalshrepps er boðuð til fundar
fimmtudaginn 21. febrúar 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps www.vik.is

Sveitarstjóri



www.sko.barnaland.is

VITINN á www.sudurland.net

8. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 20. FEBRÚAR 2008

IH

ICELANDAIRHOTELS

KLAUSTUR

Nú blótum við þorra á HÓTEL KLAUSTRI.

Já - nú höldum við eitt ærlegt og hressilegt þorrablót á Hótel Klaustri laugardagskvöldið 23. febrúar - enda síðustu forvöð áður en að "Góa heillin" heilsar.

Nú blóta menn og blóta hver um annan þveran - með feikna snúningi og stæl - og hefjast herlegheitin með borðhaldi eigi mikið síðar en kl. 20.03 áðurnefnt kvöld.

Blótinu verður stýrt af veislustjóranum fjallhressa Hauki Valdimarssyni en hann verður heiðursgestur kvöldsins ásamt sinni ektakvinnu Hrefnu Sigurðardóttur.

Síðan skemmta menn hver öðrum með sprelli og söng eins lengi og geta og löngun leyfir.

Er þá eftir nokkru að biða með að panta sér miða - það er nefnilega eitthvað eftir af þeim ennþá - og að venju tökum við við miðapöntunum í síma 487 - 4900.

Verð miða á blótið er 3.700 krónur íslenskar.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að panta miða á blótið fyrir föstudagskvöldið 22. febrúar.



Hlökkum til að sjá ykkur.

Starsfólk Hótel Klausturs

Auglýsendur athugið!

Útkomu Vitans seinkar um einn dag í næstu viku, þ.e. kemur út fimmtudaginn 28. febrúar og þurfa því auglýsingar að berast fyrir klukkan 10 á miðvikudagsmorgun 27. febrúar.

Ekki er annað vitað en Vitinn komi út eftir það á sínum vana tíma, þ.e. miðvikudag og auglýsingatími samkv. venju til kl. 10 á þriðjudagsmorgun 5. mars. Útg.

Þorrablót...

Tungumanna og Álftveringa var haldið í Tunguseli sl. laugardagskvöld 16. feb. Blótið sóttu yfir 170 manns.

Góður þorramatur framreiddur af Hótel Klaustri. Skemmtidagskrá vel heppnuð sem fyrr, m.a. kváðu tvær nefndarkonur, frumsamið efni við góðar undirtektir gesta.

Fjörugur dans stiginn lengi nætur undir dúndrandi músík þeirra Granitfélaga.

Verð aðgöngumiða kr. 4.000. Allt mjög vel heppnað meira að segja nánast vorveður í lofti, eftir rysjótt veður að undanfögnu

Nú eru tvö blót eftir, á Eyrarlandi næsta laugardag og á Hótel Klaustri sama dag.
E.

Athugasemd við smápistil í síðasta Vita um þorrablótið á Klaustri. Til að forðast misskilning er rétt að geta þess að nefndargestir Klausturs og Tunguselsblóta greiða hver fyrir sig.

E.

“Merkir Mýrdælingar”

Á einhver sem þetta les, bókina *Merka Mýrdælinga* eftir Eyjólf Guðmundsson á Hvoli og er til í að selja bókina?

Vinsaml. hafið samband í síma Vitans.

E

Ýmislegt til að hugsa um:

Ef þú vaknaðir nokkurnvegin heilbrigð/ur í morgun, þá ert þú heppnari en sú milljón manna sem ekki lifa af þessa viku.

Ef þú hefur aldrei upplifað hættuna á stríði, hræðsluna við pyntingar eða sársaukann af hungri, þá ert þú betur sett/ur en 500 milljónir manna í heiminum.

Ef þú getur gengið inn í kirkjuna þína án þess að eiga á hættu að verða handtekin/n, pyntuð/aður eða drepin/n- þá ert þú betur sett/ur en 3 milljarðar manna í heiminum.

Ef þú átt mat í ísskápnum, föt í skápunum, þak yfir höfuðið og stað til að sofa á - þá ert þú ríkari en 75% af heiminum.

Ef þú átt pening í bankanum eða í veskinu - þá ert þú meðal ríkustu 8% í heiminum.

Ef foreldrar þínir eru ennþá á lífi og ennþá gift, þá ert þú mjög heppin/n, jafnvel í hinum vestræna heimi.

Ef þú getur lesið þessi skilaboð þá ert þú heppnari en rúmlega 2 milljarðar manna - sem eru alveg ólæsir.



Hestamannafélagið Sindri auglýsir

Fyrra vetrarmót ársins 2008 verður haldið 23. febrúar á Víkurvelli.

Skráning fer fram á staðnum klukkan 13:00 - 13:45.
Keppni hefst stundvíslega klukkan 14:00.

Röðin verður þessi: pollaflokkur, barnaflokkur, unglingaflokkur, karlaflokkur og kvennaflokkur.

Hlökkum til að sjá sem flesta knapa, jafnt sem áhorfendur.
Þjóðum Kópsmenn velkomna til þátttöku.

fyrir hönd Sindra, ferða og fræðslunefnd

***PS, seinna vetrarmót ársins 2008
verður haldið 15. mars á Víkurvelli.***

 **Rauði kross Íslands**
Klaustursdeild

Aðalfundur

Klaustursdeildar Rauða krossins
verður haldinn á hótél Kirkjubæjarklaustri
laugardaginn 23. febrúar kl. 12:30

Fundarefni:

1. venjuleg aðalfundarstörf
2. önnur mál

Þar sem við hittumst í hádeginu verður fundarmönnum boðið upp á súpu og brauð.

Jóhanna Róbertsdóttir svæðisfulltrúi mun segja frá vinadeildarsamstarfinu við Gambú

Mætum vel á aðalfund. Allir hjartanlega velkomnir.

Klaustursdeild Rauðakrossins.

Búnaðarfélag Hvammshrepps:

Almennur félagsfundur verður haldinn að Eyrarlandi
mánudaginn **25. febr. kl. 20:30**

Dagskrá:

1. Skipulagsmál:
-Gönguleiðir
-Reiðleiðir
2. Lausaganga hunda.
3. Tækjakaup.



Sveinn Pálsson sveitarstjóri mætir á fundinn.

Stjórnin

Þorrablót að Eyrarlandi

***Þorrablót verður haldið að Eyrarlandi
laugardaginn 23. febrúar næstkomandi.***



***Húsið opnar kl: 20:00
og hefst borðhald kl: 20:30.***

Magnús Kjartansson leikur fyrir dansi.
Nefndin.



Auglýsendur athugið!

Útkomu Vitans seinkar um einn dag í næstu viku, þ.e. kemur út fimmtudaginn 28. febrúar og þurfa því auglýsingar að berast fyrir klukkan 10 á miðvikudagsmorgun 27. febrúar.

Ekki er annað vitað en Vitinn komi út eftir það á sínum vana tíma, þ.e. miðvikudag og auglýsingatími samkv. venju til kl. 10 á þriðjudagsmorgun 5. mars. Útg.



AÐALFUNDUR- AÐALFUNDUR

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sindra
verður haldinn í Skálakoti
föstudaginn 29. febrúar 2008 kl: 20:00

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál

Stjórnin.



Mat á umhverfisáhrifum:

Virkjun Hverfisfljóts við Hnútu

Drög að tillögu að matsáætlun

Hafið er mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunar Hverfisfljóts við Hnútu í Skaftárhreppi. Um er að ræða allt að 15 MW rennslisvirkjun.

Ragnar Jónsson, Dalshöfða, er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum er unnið af VGK-Hönnun hf.

Á vefsíðunum www.vgkhonnun.is og www.iov.is eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar og stendur kynningin til föstudagsins 7. mars 2008.

Öllum er frjálst að leggja fram athugasemdir og ábendingar og skulu þær berast fyrir 7. mars til VGK-Hönnunar hf, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík eða á netfangið rb@vgkhonnun.is.

Sunnudagaskólinn á Klaustri

Munið eftir sunnudagaskólanum, 24. febrúar kl. 11.00
í Minningarkapellu sr. Jóns Steingrímssonar.
Sóknarprestur

Grafarkirkja

Guðsþjónusta verður í Grafarkirkju
sunnudaginn 24. febrúar kl. 14.00.

Ásakórinn leiðir söng og organisti er Brian Roger Haroldsson.
Fermingarbörn og foreldrar þeirra sérstaklega hvött til að mæta.

Sóknarprestur.

STARFSFÓLK ÓSKAST

til starfa við sundlaugina á Kirkjubæjarklaustri
frá 1. júní til 31. ágúst í sumar.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og standast hæfnispróf sem kveðið er á um í reglum um öryggi á sundstöðum (mmrn. o.fl. 1999).

Umsóknarfrestur er til 10. mars nk.

Laun skv. kjarasamningi Starfsgreinasambandsins
og launanevndar sveitarfélaga.

Skriflegar umsóknir berist skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15,
880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfang klaustur@klaustur.is

Nánari upplýsingar í síma 487 4840.
Sveitarstjóri

Skaftárhreppur



RENNIBRAUT

við sundlaugina á Klaustri

Nýja sundlaugin á Kirkjubæjarklaustri verður tekin í notkun innan fárra vikna.

Nú vantar bara herslumuninn!

Við erum að safna framlögum frá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir rennibraut og viljum helst að hún verði komin upp þegar opnað verður.


Vilt þú vera svo góð(ur) að styðja okkur í þessu verkefni?

Við erum með söfnunarreikning 317-13-702004 þar sem þú getur lagt inn þitt framlag.

Með fyrirfram þökkum.

Sjáumst í sundlauginni!

*Áhugahópur um íþróttamannvirki
á Kirkjubæjarklaustri*



Fundargerð Skaftárhrepps

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði mánudaginn 11. febrúar 2008. Fundur hófst kl. 1600 í ráðhúsi Skaftárhrepps. Þetta er 289 fundur og annar fundur ársins 2008. Fundargerð er tölvuskráð af Bjarna Daníelssyni, sveitarstjóra.

Mætt eru: Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson og Gísli Kjartansson.

Oddviti býður fundarmenn velkomna. Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá: Fyrir liggur erindi frá Lögmannsstofu Jóns Egilssonar hdl. vegna óska ábúenda á ríkisjörðinni Bakkakoti II um kaup á jörðinni og verði erindið tekið fyrir undir lið I-16. Einnig verði bætt við sem lið I-17 erindi frá Prestbakkakirkjukór um ferðastyrk. Loks verði bætt á dagskrána tveimur fundargerðum svæðisstjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs undir liðum III-9 og III-10.

Oddviti óskar eftir að Eva Harðardóttir fái að koma á fundinn og gera grein fyrir tilraunaverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga um samburð á rekstri grunnskóla sem Skaftárhreppur hefur tekið þátt í að undanföru.

Þetta tengist afgreiðslu á máli I-8 á dagskrá fundarins. Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Eva Harðardóttir gerir grein fyrir tilraunaverkefni um samburð á rekstri grunnskóla. Evu er þakkað greinargott erindi og vikur hún af fundi.

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Bréf til iðnaðarráðuneytisins 30. janúar 2008: Svar við fyrirspurn rn. um þörf á þriggja fasa rafmagni.

Sveitarstjórn þakkar atvinnumálanefnd umfjöllun um málið og staðfestir afgreiðslu þess.

2. Bréf frá umhverfisráðuneytinu 22. janúar 2008: Tilkynning um skipan hættumatsnefndar vegna ofanflóða.

Í bréfinu kemur fram að af hálfu ráðuneytisins hafa Gunnar Guðni Tómasson (formaður) og Snjólfur Ólafsson verið skipaðir í nefndina. Formaður mun boða fund fljótlega. Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins.

3. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 25. janúar 2008: Samþykkt gjaldskrár fyrir hundahald í Skaftárhreppi 2008 .

Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins.

4. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 25. janúar 2008: Samþykkt gjaldskrár fyrir sorphreinsun í Skaftárhreppi 2008.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins.

5. Bréf frá Skipulagsstofnun 17. janúar 2008: Vatnaveitingar í eldhrauni.

Sveitarstjórn staðfestir móttöku bréfsins.

6. Sundlaugarbygging: Áætlun um eftirstandandi kostnað við sl. áramót.

Fram kemur að kostnaður muni verða 25-30% hærri en áætlað var í upphafi.

7. Brunasamlag Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu: Viðbrögð nágrenna-sveitarfélaga við tillögum starfshóps.

Nágrannasveitarfélögin jákvæð en óska eftir fundi fulltrúa sveitarfélaganna um einstök atriði í tillögunum og um framhald málsins. Sveitarstjórn felur oddvita að fylgja málinu eftir.

8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 17. janúar 2008: Boð um áframhaldandi þátttöku Skaftárhrepps í tilraunaverkefni um kerfisbundinn samburð á lykiltölum vegna skólahlads.

Sveitarstjórn samþykkir áframhaldandi þátttöku í verkefninu og vísar málinu til fræðslunefndar.

9. Erindi frá Alþingi 17. janúar 2008: Frumvarp til laga um samgönguáætlun. Sveitarstjórn hefur kynnt sér frumvarpið en telur ekki ástæðu til að Skaftárhreppur veiti sérstaka umsögn.

10. Erindi til aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags um félagsþjónustu Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu 31. janúar 2008: Reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

11. Fundarboð á aukaaðalfundi SASS og APS 15. febrúar 2008.

Fundirnir áttu að vera 25. janúar sl. en var frestað vegna veðurs. Sveitarstjórn staðfestir fyrri ákvörðun um fulltrúa og gilda því áður send kjörbréf.

12. Bréf frá Landgræðslunni 4. febrúar 2008: Kynning á verkefninu *Héraðsáætlanir Landgræðslunnar*; Tilmæli um samstarf.

Sveitarstjórn þakkar upplýsingar um þetta verkefni og lýsir sig fúsa til samstarfs við Landgræðsluna um framkvæmd þess. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að skipað verði að nýju í stöðu héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Kirkjubæjarklaustri.

13. Framkvæmdaáætlun Barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu í barnaverndarmálum - drög samþykkt á fundi nefndarinnar 9. janúar 2008.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliggjandi drög að framkvæmdaáætlun.

14. Þriggja ára fjárhagsáætlun Skaftárhrepps; Fyrri umræða.

Málinu vísað til síðari umræðu.

15. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 4. febrúar 2008: Bólhraun /umsagnarbeiðni.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

16. Erindi frá lögmannsstofu Jóns Egilssonar hdl. vegna óska ábúenda á ríkisjörðinni Bakkakoti II um kaup á jörðinni.

Þar sem erindið barst eftir útsendingu fundargagna er afgreiðslu þess vísað til næsta fundar.

17. Beiðni kirkjukórs Prestbakkakirkju um ferðastyrk. Samþykkt að styrkja með hálfslíðuauglýsingu.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. Íþróttamiðstöð Kirkjubæjarklaustri / Sundlaug og heilsurækt; Fundur haldinn 29. janúar 2008.

Fundargerðin samþykkt.

2. 6. fundur atvinnumálanefndar 4. febrúar 2008.

Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 410. fundur stjórnar SASS 9. janúar 2008.

2. 18. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 9. janúar 2008.

3. 101. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 14. janúar 2008.

4. 224. fundur launaneftar sveitarfélaga 15. janúar 2008, ásamt fylgigögnum.

5. 271. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 17. janúar 2008.

6. 105. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 24. janúar 2008.

7. 7. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu 29. janúar 2008.

8. 71. fundur Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu 29. janúar 2008.

9. Fundur í svæðisstjórn Vatnajökulshjúðgarðs, svæði 4, haldinn 7. desember 2007.

10. Fundur í svæðisstjórn

Vatnajökulshjúðgarðs, svæði 4, – haldinn 11. febrúar 2008.

IV. Annað kynningarefni.

1. Bréf frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi 18. janúar 2008.

2. Tölvuskeyti frá landbúnaðarráðuneytinu 16. janúar 2008.

3. Tilkynning frá sýslumanninum í Vík 11. janúar 2008.

4. Kynningarbæklingur frá Norðurþingi.

5. Ný lagafrumvörp um skipulags- og byggingarmál á Alþingi.

6. Umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólafrumvörp.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 22:00.

Næsti sveitarstjórnarfundur er ráðgerður 17. mars nk. Fundurinn hefst kl 14:00. Fundargögn verða send út á miðvikudegi 12. mars. Mánudaginn 10. mars er ráðgert að halda almennan borgarafund um skipulagsmál kl. 20.30.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson, Gísli Kjartansson

Úr tjónaskýrslum

Gulli var gestkomandi hjá Önnu og Jóni. Gulli þurfti skyndilega að kasta upp og fór inn á baðherbergi og kastaði upp í klósett-ið. Anna stóð yfir honum og sturtaði niður þegar hann hafði lokið við að kasta upp. Við uppköstin missti Gulli lausan tanngóm í klósettið, en tók ekki eftir því fyrir en hann fór út úr baðherberginu.

...við byrjuðum að taka U-beygju en þurftum að bíða eftir að bílarnir sem komu úr gagnstæðri átt væru farnir en eftir nokkurra sekúndna bið klessir bíll inn í okkur og flaug hausinn á mér í andlit bílstjórans...

Hún kveður tennur í neðri gómi hafa skekkst við áreksturinn en að sjálf hafi hún rétt tennurnar með handafli og síðan farið til tannlæknis sem hafi verið ánægður með handverkið og taldi tennurnar sem óðum að festast...

Ég rakst á kyrrstæðan vörubíll, sem var að koma úr hinni áttinni.

Ég hélt að bílglugginn væri opinn, þangað til ég hafði stungið höfðinu út um hann.

Ég sagði lögreglunni að ég væri ómeiddur, en þegar ég tók ofan hattinn komst ég að því að ég var höfuðkúpubrotinn.

Það kom bara ósýnilegur bíll, rakst á mig og hvarf.

Ég sá að gamli maðurinn mundi aldrei hafa það yfir götuna og keyrði því á hann.

Ég var búinn að keyra í 40 ár, þegar ég sofnaði við stýrið og lenti í slysinu.

Sá fótgangandi stóð og vissi ekkert í hvora áttina hann átti að fara svo ég keyrði yfir hann.

Ég var á leiðinni til læknisins, þegar púströrið datt aftur úr mér.

Ég var að reyna að drepa flugu og keyrði þarna á símastaurinn.

Hinn bíllinn keyrði beint á mig, án þess að gefa neitt merki um hvað hann ætlaði að gera.

Það bakkaði trukkur í gegnum rúðuna á mér og beint í andlitnið á konunni.

Maðurinn var allsstaðar á veginum, ég varð að taka heilmargar beygjur áður en ég rakst á hann.

Ég beygði frá vegbrúnni, rétt leit á tengdamómmu og hentist út á veginn hinum megin.